

Fundur 4.ágúst 2005

Endurrit fundargerðar skipulags-, bygginga- og hafnarnefndar 4. ágúst 2005

Ár 2005 þann 4. ágúst kl. 10:15 kom skipulags-, bygginga- og hafnarnefnd saman til fundar ásamt byggingarfulltrúa. Sveitarstjóri sat einnig fundinn og reit fundargerð.

- 1) Fuglaskoðunarhús á Reykhólum. Teikningar voru lagðar fram á fundinum. Reykhólahreppur sækir um að fá að reisa þetta hús við Langavatn. Erindið samþykkt, enda geri byggingarfulltrúi byggingarlýsingu að húsinu.
- 2) Umsókn um lóð og byggingarleyfi í Flatey á Breiðafirði, erindi frá Guðrúnu Ernu Magnúsdóttur og Pálma Ólafssyni í Stykkishólmi. Um er að ræða heilsársbústað í landi Krákuvarar í Flatey. Afgreiðslu frestað þar til lóðarsamningur, teikningar og skipulagsuppdráttur liggur fyrir.
- 3) Erindi frá Freyju K. Þorvaldsdóttur varðandi lóð í Flatey. Um er að ræða ítrekun á fyrirspurn frá árinu 2004. Upplýsingaöflun um eignarhald í Flatey stendur yfir og verður því verki hraðað. Fyrir er ekki hægt að afgreiða erindið.
- 4) Bréfaskipti sveitarstjóra og Ásdísar B. Geirdal hjá Hagstofu vegna lögbýlaskrár lögð fram til kynningar. Athuga þarf hvers vegna Reykhólahreppur sé enn skráður sem einn af eigendum Brekku í Gufudalssveit samkvæmt fasteignamati enda þótt búið sé að þinglýsa kaupsamningi.
- 5) Erindi frá Olgu Sigvaldadóttur og Matthíasi F. Ólasyni á Hamarlandi sem óska eftir byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við fóðurgang. Teikningar voru lagðar fram. Erindið samþykkt. Byggingarfulltrúa falið að ganga frá málinu.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 11:30

Þórður Jónsson (sign)

Sveinn Ragnarsson (sign)

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Bogi Kristinsson Magnúsen (sign)

Einar Örn Thorlacius (sign)